

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

5. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, mánudaginn 29. okt. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Örn Elías Guðmundsson í forföllum Samúels Kristjánssonar, Jóhanna Kristjánsdóttir í fjarveru Karls Guðmundar Kjartanssonar og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Í upphafi fundar kynnrir oddviti gjöf, ljósmyndbók, frá utanríkis og viðskiptaráðherra Færeyja í tilefni heimsóknar til Súðavíkur.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð Velferðarnefndar frá 24. okt.
3. Heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps – kynning.
4. Minnisblað sveitarstjóra vegna kaupa á þjónustu frá RR-Ráðgjöf.
5. Kynning á skýrslu Deloitte vegna áhrifa veiðigjalda.
6. Styrkumsókn vegna verslunarreksturs í dreifbýli.
7. Úthlutun byggðakvóta 2018 /2019 – umsókn.
8. Ályktanir 3. haustþings FV frá 5. okt. 2018.
9. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða 2019.
10. Styrkbeiðni frá krabbameinsfélaginu Sigurvon.
11. Styrkbeiðni frá Aflinu – samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi.
12. Ágóðahlutagreiðsla 2018 – EBÍ.
13. Fundargerð nr. 110 stjórn NAVE.
14. Fundargerð nr. 864 samband ísl. Sveitarfélaga.
15. Erindi frá Vilborgu Arnarsdóttur v/ Raggagarðs.
16. Fyrirspurnir frá Elsu Borgarsdóttur.
 - a) Skyldur eigenda og leigutaka varðandi eyðibýli í Súðavíkurhrepp.
 - b) Fyrirspurn til sveitastjóra varðandi eftirfylgni mála.

1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram. Skýrslan er aðgengileg á www.sudavik.is
2. Fundargerðin lögð fram til umræðu. Staðfestingu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.
3. 3. sept. 2015 ákvað sveitarstjórn að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps.

Fyrir fundinum liggur greinargerð heildarendurskoðunnar aðalskipulags.

Hér koma Gunnar Páll Eydal, Jóhann Birkir Helgason og Erla Kristjánsdóttir og Rut Guðmundsdóttir til fundarins og kynna heildarendurskoðun á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps.

Greinargerðinni er skipt upp í sex meginhluta:

- Inngangur
- Leiðarljós aðalskipulags.
- Náttúra
- Samfélag
- Innviðir
- Viðaukar

Umræða um greinargerðina.

Í framhaldi á kynningu sveitarstjórnar verður haldin opin fundur fyrir íbúa, hagsmunaaðila og áhugasama í Samkomuhúsinu laugardaginn 10. nóvember. Stefnt að samskonar fundi í Inndjúpinu.

4. Sveitarstjóri leggur fram minnisblaðið vegna kaupa á ráðgjafar og sérfræðipjónustu vegna kalkþörungaverkefnis. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við RR- ráðgjöf.
5. Lagt fram til kynningar.
6. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um styrkinn.
7. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir árið 2018 – 2019. Umræðu um sérreglur vísað til atvinnumálanefndar.
8. Lagt fram til kynningar.
9. Lagt fram til kynningar.
10. Vísað velferðarnefndar.
11. Vísað velferðarnefndar.
12. Lagt fram. Ágóðahlutur sveitarfélagsins er 234.500 kr. Umræða um að láta féð nýttast til eflingar brunavarna.
13. Lagt fram til kynningar.
14. Lagt fram til kynningar.
15. Lagt fram til kynningar. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar.
16. Tvö erindi lögð fram til umræðu frá Elsu Borgarsdóttur;

- a) Sveitarstjóra falið að taka saman upplýsingar um skyldur og ábyrgð eigenda og leigutaka eyðibýla í sveitarfélaginu og upplýsa sveitarstjórn á næsta fundi.

Bókað af Elsu Borgardóttur. (óyfirlesið)

Mál varðandi Eyri í Mjóafirði.

Ríkiseign, leigjandi Sigmundur Sigmundsson fyrrum ábúandi á Látrum.

01.10 uppgvötast málið í tengslum við smalamennsku í Mjóafirði. Dýralæknir var fenginn á staðinn og samkvæmt henni hafi fé líklega látist þann 10-20 júlí en tekið var mið af rotnun í augun og stærð lambshraea, teknar voru myndir og þær sendar til matvælastofnun ásamt skýrslu um atvikið. Einnig var haft sambandi við skrifstofu Súðavíkurrepps og þeim tilkynnt um atvikið.

Samkvæmt Sigríði dýralækni var aðkoman vægast sagt sláandi og málið eitt það versta sem hún hafi komið að á sínum starfsferli.

Samtals voru þetta 13 stykki, 9 kindur og 4 lömb. Miðað við fjölda kinda þá hafa væntanlega einhver lömb komist út.

Eigandi af umræddu féi var Stefán á Látrum.

Búið er að fjarlægja hræin og byrgja fyrir innganga, ekki er vitað hver var þar að verki eða hvar hræ voru urðuð.

Húsakostur á Eyri er mjög lélegur og fjárhús ílla farin, ekki hefur verið búið á jörðinni í fjölda mörg ár.

Setja þarf einhverjar reglugerðir varðandi skyldur eigenda og eða leigenda varðandi húsakost til að fyrirbyggja að mál sem þetta komi aftur upp.

Að eigandi eða leigandi verði jafnel beittur sektum ef þessu verði ekki sinnt.

Að mati undirritaðar þá er það skylda okkar sem sitjum í sveitastjórn Súðavíkurrepps að sinna okkar skildu og gera það sem í okkar valdi er til að atvik sem þetta endurtaki sig ekki.

b) Sveitarstjóri falið að taka saman minnisblað varðandi eftirfylgni mála.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:55

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Jóhanna Kristjánsdóttir

Örn Elías Guðmundsson

Elsa Borgarsdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

